

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 380/2013 um lofthæfi- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja.

1. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætast nýir töluliðir, svohljóðandi:

19. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1065 frá 28. maí 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar uppfærslu tilvísana í kröfur um umhverfisvernd og leiðréttingu þeirrar reglugerðar, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2026 frá 30. apríl 2026. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, nr. 36 frá 28. maí 2026, bls. 506-513.
20. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/56 frá 23. október 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar lofthæfivottorð og takmarkað lofthæfivottorð, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2026 frá 30. apríl 2026. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, nr. 36 frá 28. maí 2026, bls. 514-520.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 72. gr. laga um loftferðir, nr. 80/2022, og öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 9. júlí 2026.

F. h. r.

Árni Freyr Stefánsson.

Vala Hrönn Viggósdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 23. júlí 2026